

Borgarstjórn
5. mars 2019

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæðaklukkur

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela Reykjavíkurborg í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús að innleiða bifreiðastæðaklukkur í ákveðin stæði næst inngangi fyrir þá sem þurfa að leggja bíl sínum í skyndi vegna neyðartilfellis. Hér er um að ræða framrúðuskífu í stað gjaldmæla. Framrúðuskífan er notuð mjög víða á meginlandinu, jafnt í miðborgum sem og við aðstæður eins og hér um ræðir. Þessi möguleiki yrði í boði við innganga a.m.k. við bráðamóttökur og fæðingardeild og aðrar deildir þangað sem fólk kann að þurfa að leita í slíkum flýti að það getur ekki tafið við að finna stæði og greiða stöðugjald. Bílastæðin skulu merkt til umræddra nota. Leyfilegur tími væri tilgreindur á skiltum við stæðin. Sé bifreið lagt lengur en heimilt er er lagt á stöðugjald skv. ákveðinni gjaldskrá. Hér er ekki meiningin að vera með nákvæma útfærslu á fyrirkomulaginu en sem dæmi mætti nálgast bifreiðaklukkuna í afgreiðslu t.d. bráðavaktar eða í móttöku í anddyri spítalans og á bensínstöðvum.

Greinargerð

Um hríð hefur verið lagt á stöðugjald vegna lagningar bifreiða á bílastæðum við m.a. bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi og við fæðingardeildina við Hringbraut og víðar við deildir sjúkrahússins. Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði er umrædd gjaldtaka til komin að frumkvæði Landspítala – háskólasjúkrahúss í því skyni að koma í veg fyrir að stæði þessi séu teppt fyrir þeim sem leita þurfa til viðkomandi stofnanir, ekki síst með bílum starfsmanna sjúkrahússins.

Það gefur auga leið að oft stendur svo á að fólk sem kemur á bráða- og neyðarmóttökur í bílum sínum getur ekki tafið við að fara að sjálfsala. Það verður til dæmis ekki með neinni sanngirni til þess ætlast að foreldri sem kemur eitt síns liðs með meitt barn á bráðamóttöku láti greiðslu stöðugjalds seinka hjálp handa barninu.

Viðbúið er hins vegar að þeir sem þannig geta ekki gefið sér tíma til að sinna greiðslu umkrafins stöðugjalds verði fyrir því að Bílastæðasjóður krefji þá um 6.000 kr. aukastöðugjald vegna vanrækslu á greiðslu fyrir not bílastæðisins.

Þeir sem koma að bifreið sinni eftir stundum erfiða reynslu inni á sjúkrahúsinu með áhengdri tilkynninu frá Bílastæðasjóði um álagningu aukastöðugjalds hljóta óhjákvæmilega að upplifa þá sendingu sem æði kaldrar kveðjur samfélagsins í þeirri stöðu sem þeir eru.

Sú lausn að vera með gjaldtöku við mikilvæga innganga er ekki viðhlítandi aðferð til að bregðast við vanda sem fólgin er í ónógum fjölda bílastæða fyrir starfsmenn og eða vangetu til að láta starfsmenn sjúkrahúss fylgja settum reglum um hvar þeir megi leggja bílum sínum. Er því tilefni til að bregðast við og er ofangreindri tillögu m.a. ætlað að bæta úr þessu ástandi.